

Jarðhitavinnsla á Syðri-Haga og hitaveitulögn til Hjalteyrar

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 19. september 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Norðurorku hf. um lagningu hitaveitulagnar frá Syðri-Haga til Hjalteyrar, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 3.07 í 1. viðauka laganna.

Á meðan málsmeðferð fór fram aflaði Skipulagsstofnun upplýsinga hjá Norðurorku um fyrirhugaða jarðhitavinnslu á Syðri-Haga en fyrirhugaðri hitaveitulögn er ætlað að tengja áformað vinnslusvæði við hitaveitulögn á Hjalteyri. Ákvörðun þessi tekur því jafnframt til fyrirhugaðar jarðhitavinnslu, sbr. lið 3.17 í 1. viðauka laga nr. 111/2021.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Dalvíkurbyggðar, Hörgársveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hitaveitulögn frá Syðri-Haga til Hjalteyrar, matsskyldufyrirspurn. Norðurorka – Efla. 19. september 2022.

- Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:
- Dalvíkurbyggð 3. nóvember 2022 og 10. janúar 2023.
- Hörgársveit 27. október 2022.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra 1. nóvember 2022.
- Landsneti 1. nóvember 2022.
- Minjastofnun Íslands 25. október 2022.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 28. október og 15. desember 2022.
- Orkustofnun 26. maí 2023.
- Vegagerðinni 28. október 2022.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila 2. nóvember 2022, 12. desember 2022, 23. og 30. janúar 2023, 27. mars 2023 og 1. júlí 2023.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Hitaveitulögn

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu hitaveitulagnar frá borholum í landi Syðri-Haga í Dalvíkurbyggð að Hjalteyri í Hörgársveit alls 8,6 km leið. Lagnaleiðinni má skipta í þrennt. Fyrsti hluti hennar liggur frá Syðri-Haga að Ólafsfjarðarvegi nr. 82 um 2,1 km, annar hluti hennar liggur samsíða Ólafsfjarðarvegi um 3,5 km og samsíða jarðstreng Landsnets, Dalvíkurlínu 2. Þriðji hluti leiðarinnar er þar sem lögnin beygir til austurs frá Ólafsfjarðarvegi og liggur samsíða aðkomuvegi að bænum Arnarnesi og þaðan upp að vinnslu- og athafnasvæði Norðurorku á Arnarholti ofan Hjalteyrar alls um 3 km. Þar tengist lögnin inn á aðra lögn sem flytur vatnið til Akureyrar og aðrar byggðir.



Um er að ræða foreinangraða stálpípu allt að 450 mm að þvermáli sem reiknað er með að flytji hátt í 70 l/sek af heitu vatni úr nokkrum borholum. Lögnin verður á u.þ.b. 2-3 m dýpi frá yfirborði.

Mögulega þarf að flytja að efni, til að setja meðfram lögninni og verður það fengið frá efnissölum eða úr námum í nágrenninu með tilskilin leyfi. Afmá á öll ummerki eftir framkvæmdina eins og kostur er.

Jarðhitavinnsla

Í minnisblaði Eflu frá 1. júlí kemur fram að á Syðri-Haga var boruð grunn heitavatnshola árið 2017 niður á 264 m dýpi sem hefur skilað um 13 l/s af 84,6°C heitu vatni í sjálfrennsli síðan þá. Eldri hola á sama svæði var boruð á tíunda áratug síðustu aldar og var enn grynri, 180 m djúp og gaf 9,5 l/s af 77°C heitu vatni í sjálfrennsli. Til samanburðar stendur nú til að bora nýja holu sem sækir vatn á 1.000-1.500 m dýpi með vídd vinnslufóðringa um 400 mm og grennsta hluta holu um 200 mm. Þá sé óvíst hvort að innflæði salts verði vandamál á einhverjum tímapunkti en slíkt komi ekki í ljós nema með dælingu. Endanleg staðsetning borhola liggi ekki fyrir.

Gert er ráð fyrir að heildarvinnsla á heitu vatni verði 70 l/sek að meðaltali.

Í minnisblaðinu kemur einnig fram að Syðri-Hagi er um 7 km norðan við Hjalteyri og um 5 km norðan við Arnarnesstrýturnar. Búið sé með jarðvísindalegum rannsóknum að finna líklegustu uppkomustaði jarðhitans og borun grunnra vinnsluhola hafi sýnt að hiti ofarlega í kerfinu (250m) sé yfir 80°C þannig vænta megi 80-90°C heits vatns með borunum sem hitti djúpt í uppstreymisæðar kerfisins. Þrýstingur í grunnri vinnsluholu bendi til þess að um sé að ræða lágþrýst jarðhitakerfi svipað og við Hjalteyri og Birnunesborgir.

Hefðbundin uppbygging á vinnslusvæði eins og þessu sé þannig að fyrst sé boruð ein vinnsluhola og hún keyrð í nokkur ár til að ákvarða vinnslugetu svæðisins. Ef sú vinnsla lofi góðu þá sé boruð önnur hola sem sé þá aukin vinnsla og einnig til vara fyrir hina enda sé þarna um að ræða þjónustu sem krefjist mikils afhendingaröryggis. Ef svæðið sé talið standa undir meiri vinnslu þá sé boruð ein hola í viðbót og svo koll af kolli. Þetta gæti tekið áratugi í uppbyggingu. Öll raunþekking fáiist með borun könnunarborhola, tilraunadælingu og borun á vatnsborðsholum þar sem eftirlit sé með vatnshæðarbreytingum.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Norðurorku og umsögnum umsagnaraðila.

Gróður

Í greinargerð Norðurorku kemur fram að lögnin verði lögð að langstærstum hluta meðfram vegkanti. Einungis nyrst við Syðri-Haga og syðst á Arnarnesi verði farið í gegnum gróið land sem sé óraskað að mestu. Ef farið verði fram hjá Fagraskógi neðan vegar verði lögnin í túnjaðri að mestu leyti á þeim kafla.

Mólendi sé á stórum hluta lagnarleiðarinnar milli Ytri-Víkur og Syðri-Haga. Hluti móans sé skráður skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands sem fjalldrapamóavist, sú vistgerð sé útbreidd og algeng á Íslandi og teljist með miðlungs verndargildi. Hluti lagnaleiðarinnar fari um skráð votlendissvæði, áhrifin séu tímabundin og afturkræf á báðar vistgerðirnar. Ekkert land verði ræst fram, lögnin muni liggja í vatnsmettuðum jarðvegi á votlendissvæðinu.

Þar sem farið verði yfir Arnarnes sé einnig óraskað mólendi að mestu. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands sé mólendið þar mjög fjölbreytt, mosamóavist, víðikjarrvist, snarrótarvist, hraungambravist, tjarnarstaraflóavist og starungsmýravist séu þar helstu tegundir.



Nokkrir votlendisflákar séu á ásnúnum sem ekki verði ræst fram, ef hluti leiðarinnar fari þar í gegn muni lögnin liggja í vatnsmettuðum jarðveginum.

Að framkvæmdum loknum verði gengið frá skurðsári og vinnuslóðum og gróður græddur upp að nýju. Ummerki um framkvæmdir eigi því að mást út með tímanum.

Er það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á gróður séu óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að eðlilegra væri að lögnin myndi fylgja gömlu lagnaleiðinni og skógræktinni við Arnarnes, til að hlífa votlendinu fyrir raski sem sé að finna á því svæði.

Einnig kemur fram í umsögninni að norður af Syðri-Haga eigi lögnin að fara um óraskað land, milli Syðri-Haga og Víkurbakka sé votlendi á drjúgum kafla og rofið land þar í kring en ekki einungis mólendi líkt og framkvæmdaraðili haldi fram. Skoða ætti þann möguleika að færa lögnina austur fyrir votlendið og hlífa því við raski. Þótt að ekkert land verði ræst fram við framkvæmdina sé ekki hægt að segja annað en að landi verði raskað. Hvort votlendi skerðist við það sé svo túlkun og þá hvort virkni votlendisins verði það sama fyrir og eftir framkvæmdir. Æskilegt sé að hlífa votlendi við óparfa raski sé það hægt.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að einungis sé farið yfir mólendi allra næst vinnslusvæðinu á Hjalteyri. Mögulegt leiðarval yfir Arnarnesið sé afar takmarkað þar sem allt holtið, þar með talið votlendið, sé nú þegar skipulagt sem frístundabyggð. Búið sé að deiliskipuleggja svæðið, samþykkja lóðir og byggingareiti sem ekki sé hægt að þvera.

Einnig kemur fram í svörum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að vinna 2-3 vinnsluholur í viðbót á kaflanum milli Syðri-Haga og Víkurbakka, ekki sé öruggt hvar þær verði staðsettar nákvæmlega né hver endanleg lagnaleið þeirra verður. Hönnun borholanna liggja ekki fyrir en reikna megi með að um verði að ræða holur á milli 1.300-1.500 m á dýpt og vídd vinnslufóðringar verði um 400 mm en grennsti hluti holu um 200 mm. Þegar sú lagnaleið hafi verið endanlega ákveðin muni Norðurorka leggja upp með að lögnin fari ekki um gróðurrikasta svæðið.

Fuglalíf

Í greinargerð Norðurorku kemur fram að áhrif á fuglalíf verði að öllum líkindum mest nyrst á lagnaleiðinni, þar sem farið verði yfir móa milli Ytri-Víkur og Syðri-Haga, og syðst þar sem farið verði yfir móa á Arnarnesi milli Arnarnesbæjarins og athafnasvæðis Norðurorku í Arnarholti. Mólendið ofan Arnarholts sé vel gróið og hæfilega fjölbreytt sem skili sér í ríku fuglalífi. Vettvangskönnun var farin þann 30. júní 2022 þar sem fjórtán tegundir sáust.

Einnig kemur fram að mólendið milli Ytri-Víkur og Syðri-Haga sé ekki jafn gróið og fuglalíf því ekki jafn ríkulegt þar. Heiðlóa, spói og þúfutittlingur voru þar mest áberandi og í graslendinu við móann var helst vart við stelk og jaðrakan.

Að mati framkvæmdaraðila muni framkvæmdirnar ekki hafa áhrif á fuglalíf til frambúðar og ekki skerða búsvæði fugla eða hefta aðgengi þeirra að svæðinu í framtíðinni. Áhrifin felist einna helst í truflun og raski á framkvæmdatíma. Með því að framkvæma utan varptíma fugla sé hægt að komast hjá því að trufla varp og áhrifin ættu að vera mjög takmörkuð. Það sé því mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf séu óveruleg.

Jarðmyndanir og nýting jarðhita

Í greinargerð Norðurorku kemur fram að grafa eigi í jarðveg, 2 m djúpan skurð alla lagnaleiðina. Norðan við Fagraskóg séu klapparhryggir sem gæti þurft að fleyga niður í berggrunninn. Berggrunnurinn á svæðinu sé blágrýti, eldri en 3,3 milljón ára og njóti ekki sérstakrar verndar. Framkvæmdaraðili metur áhrifin á jarðmyndanir óveruleg.



Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að stofnunin hafi áður bent á að jarðhitánýting Norðurorku í Hjalteyrarkerfinu hafi greinileg áhrif á friðlýstar neðansjárstrýtur í Eyjafirði. Áframhaldandi og aukin nýting úr kerfinu muni auka verulega líkurnar á að verndargildi strýtanna rýrist til frambúðar. Mikilvægt sé að meta hvernig aukin nýting á jarðhita við Syðri-Haga hafi áhrif á jarðhitakerfið í heild sinni. Þörf sé á frekari rannsóknum en ákvarðanatoka um einstaka framkvæmdir sem tengjast jarðhitánýtingu í Eyjafirði verði alltaf að skoða í stærri samhengi hverju sinni. Veturinn 2020-2021 hafi Náttúrufræðistofnun Íslands bent á að jarðhitaústreymsi í hverastrýtunum við Arnarnes hafi minnkað verulega og greinilegar breytingar væru á lífríkinu. Við hefðbundna vöktun neðansjár síðla hausts 2021 hafi komið í ljós að aftur var komið hitaústreymsi í strýturnar og útfra því hafi verið augljóst að tenging væri milli útstreymis í hverastrýtunum og jarðhitanothunar hjá framkvæmdaraðila. Sumarið 2021 hafi verið hlýtt sumar og jarðhitanothkun lítil sem varð til þess að hitaústreymsi jókst í strýtunum. Norðurorka hafi á þessu ári séð um að vakta breytingar í hverastrýtunum með reglulegum mælingum á hita og seltu.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Norðurorka hafi gert reglulegar mælingar á hita án þess þó að taka saman heildstæðar niðurstöður. Norðurorka hafi einnig reynt að mæla vatnsmagnið sem komi úr strýtunum með aðstoð kafara en það hafi gengið erfiðlega og ekki skilað áreiðanlegum niðurstöðum sökum þess hve strýturnar séu óreglulegar í laginu og vatn komi út á mörgum stöðum.

Í minnisblaði Eflu frá 1. júlí 2023 kemur fram að þegar heitavatnsnotkunin hafi verið sem mest úr Hjalteyrarkerfinu hafi þrýstingurinn á kerfinu fallið það mikið að heitt vatn hafi hætt að streyma út um Arnarnesstrýturnar og sjór flætt inn um þær í „öfuga átt“. Ef sú þróun haldi áfram sé líklegt að strýturnar muni ekki ná að viðhalda sér og brotni smám saman niður, en á mjög löngum tíma. Vinnslusvæðið á Hjalteyri sé komið að þolmörkum og nauðsynlegt að draga úr vinnslu þar, nú sé svo komið að ekki sé hægt að vinna meira úr því svæði vegna innflæðis salts vökva í jarðhitakerfið. Mikilvægt sé að hefja vinnslu annarsstaðar þar á meðal á Syðri-Haga til að koma í veg fyrir innflæði saltvatns í kerfið og til að viðhalda strýtunum í Eyjafirði. Afar ólíklegt sé að vinnsla á Syðri-Haga muni hafa neikvæð áhrif á Arnarnesstrýturnar sem séu í um 5 km fjarlægð í suðaustur. Ekki sé að vænta mikils þrýstisambands milli jarðhitakerfanna við vinnslu, engin merki um slíkt hafi fundist í þrýstimælingum í borholum við Syðri-Haga eða á vinnslusvæðinu Birnunesborgum þrátt fyrir mjög mikla vinnslu á Hjalteyri. Jarðhitakerfi við Syðri-Haga virðist svipa til annarra kerfa við utanverðan Eyjafjörð að því leyti að það er lágþrýst og vel opið. Á svæðinu séu berggangar með ríkjandi stefnu í NNA-SSV. Jarðhitinn í öllum þessum kerfum sé ferskvatn að uppruna sem eigi uppruna sinn úr SSV frá vinnsluholum.

Í greinargerð ÍSOR unnið fyrir Norðurorku vegna nýtingarleyfisumsóknar á Syðri-Haga til Orkustofnunar, kemur fram að Orkustofnun telji umsókn um nýtingarleyfi ótímabæra þar sem ekki sé hægt að styðja leyfisumsóknina með niðurstöðum úr langtímadæluþrófunum og líkanreikningum með spádómum um þróun vatnsborðs við mismunandi sviðsmyndir vinnslu.

Framkvæmdaraðili túlki það sem svo að veita eigi nýtingarleyfi en tryggja þurfi að heimiluð nýting byggist á góðum vísindalegum grunni, þ.e.a.s. að prófanir á vinnsluholum verði vel úr garði gerðar og tryggja þurfi eftirlit með vinnslu og hún sé viðunandi hvað varði vatnsborð, hita og efnainnihald, til þess að spár um viðbrögð kerfisins við mismunandi sviðsmyndir vinnslu verði eins áreiðanlegar og kostur er.

Landslag og ásýnd

Í greinargerð Norðurorku kemur fram að nokkuð rask verði á lagnaleiðinni þar sem grafa eigi skurð um 3 m frá yfirborði auk þess sem gera eigi þjónustuveg við hlið hans. Óhjákvæmilegt sé að á framkvæmdartíma verði rask sem breyti og hafi áhrif á ásýnd svæðisins. Skurðsárið muni hins vegar gróa upp aftur að einhverjum tíma liðnum og ættu þá að vera lítil ummerki um lögnina. Lögnin komi til með fylgja landslaginu og sé ekki að breyta ásýnd þess eða hafa önnur áhrif. Það muni taka langan tíma fyrir landið að gróa upp þar sem lögnin fari um óraskað land, þar séu þó fáir á ferli og þetta



séu stuttir kaflar, sérstaklega á Arnarnesinu, þar sé stærstur hluti móans skipulagður undir frístundabyggð.

Á framkvæmdartímanum verði raskið áberandi á um 3,5 km kafla við þjóðveginn sem hafi neikvæða ásjón fyrir þá sem um veginn fara og frá nærliggjandi bæjum. Það taki um 5 ár fyrir svæðið að jafna sig og er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á landslag og ásjón séu neikvæð á meðan á framkvæmdum standi en óveruleg þegar til langs tíma sé litið þar sem áhrif framkvæmdarinnar séu að mestu leyti afturkræf eftir að framkvæmdum líkur.

Fornminjar

Í greinargerð Norðurorku kemur fram að fornleifaskráning hafi verið gerð í Dalvíkurbyggð árið 2004 og í gamla Arnarneshreppi nú Hörgársveit árið 2008. Í hvorugri skráningunni sé að finna upplýsingar um minjar á lagnaleiðinni. Þar sem aðalskráning hafi farið fram er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á fornminjar verði engin. Komi í ljós áður óþekktar minjar á framkvæmdatíma verði haft samband við Minjastofnun Íslands líkt og lög kveði á um.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi frá sveitarfélögunum Dalvíkurbyggð og Hörgársveit.

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Þörf er á breytingu á aðalskipulaginu áður en sótt er um framkvæmdarleyfi til Dalvíkurbyggðar, eða að lögnin verði tekin inn í endurskoðun aðalskipulags sem nú er í gangi.

Í gildi er aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 þar er gert ráð fyrir að lögð verði ný hitaveitulögn. Lögnin er ekki sýnd á uppdrætti og krefst framkvæmdin að gerð verði breyting á aðalskipulagsuppdrætti áður en sótt verður um framkvæmdarleyfi til Hörgársveitar.

Deiliskipulag er í gildi á hluta leiðarinnar, þ.e.a.s. austan Arnarnesbæjarins, fyrir frístundabyggðina Skógarnes. Skipulagið tók gildi í ársbyrjun 2011 en engar framkvæmdir eru enn hafnar í samræmi við skipulagið. Farið verður með lögnina í jaðri svæðisins og samsíða götum.

Skammt austan skipulagðrar frístundabyggðar er annað deiliskipulag í gildi, Hörgársveit – Hjalteyri, vinnslusvæði Norðurorku. Það nær yfir jarðhitavinnslusvæði Norðurorku ofan byggðar á Hjalteyri og nánasta umhverfi, m.a. lóð íbúðarhússins Arnarholts.

Leyfi þarf frá Vegagerðinni til að leggja lögnina innan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar.

Einnig þarf að hafa samráð við Landsnet þar sem leggja á lögnina samsíða Dalvíkurlínu 2 meðfram Ólafsfjarðarvegi. Um samlegðaráhrif framkvæmda er að ræða og sameiginlegan frágang svæðisins á þessum kafla.

Nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi Orkustofnunar skv. lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

6 Niðurstaða

Um er að ræða lagningu hitaveitulagnar frá borholum í landi Syðri-Haga í Dalvíkurbyggð að Hjalteyri í Hörgársveit alls 8,6 km leið. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 3.07 og 3.17 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og nýtingar náttúruauðlinda sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar og verndarákvæða. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdin er ekki umfangsmikil en líkt og áður segir verður ný hitaveitulögn grafin niður á um 2-3 metra frá yfirborði alls 8,6 km leið um er að ræða foreinangraða stálpípu allt af 450 mm í þvermál sem getur flutt allt að 70 l/s af heitu vatni. Lögnin verður lögð að stærstum hluta meðfram vegkanti nema á stuttum kafla þar sem finna má votlendi og mólendi. Ekki er talið líklegt að framkvæmdin muni hafa áhrif á fornminjar. Óhjákvæmilegt þykir að á framkvæmdartíma verði rask sem breyti og hafi áhrif á ásýnd svæðisins. Skipulagsstofnun telur þó að rask vegna framkvæmdanna verði óverulegt þar sem lagnaleiðin fylgir að mestu vegkanti og liggur ekki um verndað svæði. Ásýndaráhrifin munu hverfa að mestu leyti og skurðsárið gróa upp að endingu og skilja eftir sig lítil ummerki. Framkvæmdaraðili hefur boðað að framkvæmdir muni fara fram utan varptíma til að draga úr ónæði við fugla og að lagt verði upp með að lögnin fari ekki um gróðurrikasta svæðið.

Ekki er talin mikil samlegð milli jarðhitakerfanna á svæðinu og þar af leiðandi eru litlar líkur taldar á því að vinnsla við Syðri-Haga komi til með að hafa frekari áhrif á Arnarnesstrýturnar í Eyjafirði. Ekki er hægt að fullyrða mikið um jarðhitakerfið við Syðri-Haga, getu þess og viðbrögð við dælingu sökum þess að forsendur þekkingar eru ekki til staðar, þ.e. boranir og raunprófanir á afkastagetu. Skipulagsstofnun tekur undir með ÍSOR sem mælist til þess að Orkustofnun setji strangar kröfur um vöktun á vatnsborði, hita, efnainnihaldi og massatöku í nýtingarleyfi til Norðurorku vegna Syðri-Haga, ásamt reglulegri endurskoðun leyfisins. Mikilvægt er að ef í ljós kemur við vöktun að dæling við Syðri-Haga hafi neikvæð áhrif á nærliggjandi jarðhitakerfi verði dregið verulega úr dælingu eða henni alfarið hætt.

Sé horft til álagspóls náttúrunnar þá er ljóst að lagnaleiðin raskar votlendi og óröskuðu mólendi. Með vönduðum frágangi má draga verulega úr neikvæðum áhrifum og líkt og fjallað er um í greinargerð eru líkur á að ummerki framkvæmda verði lítil innan nokkurra ára. Hins vegar telur Skipulagsstofnun óljóst hvort eða að hve miklu leyti votlendi kann að raskast, æskilegt sé að hlífa votlendi við óþarfa raski sé það hægt en ef um rask verður að ræða á votlendissvæði sem nýtur verndar þarf eðlilega að gera ráð fyrir endurheimt votlendis. Í ljósi þessa er mikilvægt að vanda framkvæmd og frágang við lagningu hitaveitulagnarinnar. Áhrif framkvæmdarinnar munu þó að mati Skipulagsstofnunar vera óveruleg og afturkræf og líklegt að rask muni jafna sig með góðum frágangi og þeim mótvægisáðgerðum sem boðaðar eru.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. ágúst 2023.

Reykjavík, 5. júlí 2023

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir